Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

OKTÓBER 2017

10. tbl. 20. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg







Búseti byggir 78 íbúðir á SÍF reitnum



Útlitsmynd að fyrirhuguðum byggingum Búseta við Keilugranda.

Búseti mun hefja byggingu fjögurra fjölbýlishúsa á lóðinni við Keilugranda þar sem lengi stóðu skemmur sem voru kenndar við SÍF. Um er að ræða tvö tveggja hæða hús með 20 íbúðum, eitt þriggja hæða hús með 12 íbúðum og eitt fimm hæða hús með 46 íbúðum eða alls 78 íbúðir.

Gert er ráð fyrir að bygging húsanna hefjist þegar hönnunarvinnu og annarri undirbúningsvinnu lýkur og byggingaframkvæmdum ljúki á síðari hluta árs 2020 eða u.þ.b. þremur árum liðnum. Áhersla er annars vegar lögð á einfaldleika byggingana en einnig fjölbreytni sem fellur að hinu gróna umhverfi á Grandanum. Með þessari byggingaframkvæmd Búseta er fyllt í það skarð mannabústaða sem gömlu vöruskemmurnar mynduðu.

Nánar er fjallað um málið og rætt við þau Bjarna Þór Þórólfsson framkvæmdastjóra og Ágústu Guðmundsdóttur sölu- og markaðsstjóra Búseta á bls. 8.









Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
10. tbl. 20. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Vilji er það sem þarf

Kosningar til Alþingis fara fram innan skamms - í annað sinn á um einu ári. Mikill órói hefur einkennt stjórnmálalífið síðust ár en að sama skapi hefur fátt komið fram af nýjum hugmyndum. Stjórnmálin virðast enn föst í tortryggni sem á sér einkum rætur í hruninu sem varð fyrir réttum níu árum.

Á kveðið rof varð í samfélaginu við og eftir hrunið 2008. Rof varð á milli stjórnmálamanna og almennings. Rof varð á milli fólks og fjármálaumsýslunnar sem enn býr við mikla tortryggni. Rof varð á milli betur hafandi og verr hafandi þar sem bil virðast hafa breikkað þrátt fyrir að efnahagur lands og þjóðar hafi batnað.

Breytt miðlun og tæknivæddur samskiptamáti á einnig þátt í breytingum sem orðið hafa á stjórnmálalífi. Mikil samskipti fólks fara nú fram á samfélagsmiðlum þar sem allir sem vilja geta haft tækifæri til þess að segja álit sitt á mönnum og málefnum. Stjórnmálamenn eru mun berskjaldaðri en áður og háværar kröfu um gagnsæi einkenna umræðuna.

Þessar breytingar eru komnar til að vera og líkur á að þær umræður sem rafræna byltingin leysti úr læðingi þróist og að upplýsingafræði aukist. Tortryggni sem varð fyrir bráðum áratug til hefur ekki horfið á braut. Stjórnmálamenn ráða ekki við samskiptatæknina en þeir geta nýtt sér hana til þess að skapa traust. Til þess verða þeir að láta af kýtingum og skammartali en benda þess í stað á leiðir til þess að efla þjóðlífið. Í því efni er vilji það sem þarf.



Alls 419 íbúðir í Vesturbæ á árinu

- hátt í 20 þúsund íbúðir fyrirhugaðar



Frummælendur Á KYNNINGARFUNDINUM ásamt borgarstjóra. Frá vinstri. Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, Sigurður Bessason, formaður Eflingar og varaforseti ASÍ, Ásdís Helga Ágústsdóttir, arkitekt hjá Yrki, Borghildur Sölvey Sturludóttir, arkitekt hjá umhverfis- og skipulagssviði og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Af þeim 1.435 íbúðum sem Reykjavíkurborg hefur úthlutað byggingarétti fyrir á þessu ári eru 419 í Vesturbæ Reykjavíkur. Af þessum íbúðum eru 230 við Eggertsgötu á háskólasvæðinu, 176 eru við Vesturbugt, 78 eru við Keilugranda þar sem Búseti er að hefja byggingu á þeim reit sem gömlu SÍF skemmurnar stóðu og sjö íbúðir eru við Nýlendugötu. Þetta kom m.a. fram á kynningarfundi í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir skömmu.

Í uppfærði áætlun yfir uppbyggingarsvæði í Reykjavík fyrir haustið 2017 eru taldar til 19.252 íbúðir sem eru allt frá því að vera á framkvæmdastigi og niður í að vera í skoðun á þróunarsvæðum. Flestar íbúðirnar eru litlar og meðalstórar. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru 3.100 íbúðir þegar komnar á framkvæmdastig, um 4.000 íbúðir sem liggja fyrir í staðfestu skipulagi og um 3.000 eru í skipulagsferli. Til þess að setja þessar tölur í víðara samhengi má geta þess að 1.711 íbúðir eru á öllu Seltjarnarnesi og undir 4.000 í Mosfellsbæ.



Vel var mætt á fundinn í Ráðhúsinu.



Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is


Vesturbæingar



Hvað á maður eiginlega að kjósa?

Taktu gjaldeyrinn út í Vesturbænum

Nú getur þú tekið út helstu erlenda gjaldmiðla fyrir ferðalagið í gjaldeyrishraðbanka í Vesturbæjarútibúi Landsbankans við Hagatorg. Gjaldmiðlarnir sem í boði eru í Vesturbæ eru bresk pund, bandarískir dollarar, danskar krónur og evrur. Góða ferð!



Vesturbærinn þarf að verða sjálfbær

- segir Hilmar Þór Björnsson arkitekt sem lengi hefur látið skipulag og byggðaþróun sig varða

Hilmar Þór Björnsson arkitekt er Vesturbæingur í húð og hár. Hann þekkir þennan bæjarhluta mjög vel og hefur fylgst með þróun hans í gegnum tíðina. Hilmar hefur ritað margar greinar í blöð og nú síðari árinn einkum á netið. Hann hefur meðal annars fjallað um skipulag og byggðaþróun – sagt frá og spáð í spil framtíðarinnar. Vesturbærinn er á nokkrum tímamótum. Vesturbærinn er gróinn hverfishluti en þar hefur mikil uppbygging einnig átt sér stað á umliðnum árum – allt frá hafnarsvæðinu þar sem mjög miklar breytingar hafa orðið til Háskólasvæðisins sem er í stöðugri uppbyggingu. Hilmar spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

„Ég er fæddur á Þórsgötu 19, á jarðhæð þar sem foreldrar mínir bjuggu en flutti fljótlega í Vesturbæinn sem þá var nánast úthverfi. Mín skólaganga byrjaði í Austurbæjarskólanum en þegar við fluttum hóf ég nám í Melaskólanum. Ég fann strax ótrúlega mikinn mun á skólunum tveimur. Í Austurbæjarskólanum er mér minnisstæðast eineltið, sem þó bitnaði aldrei á mér. Ég áttaði mig á því seinna að eineltinu var í raun stjórnað af kennaranum mínum. Hann trúði því, að því er virtist að hann gæti haldið uppi meiri aga með því að niðurlægja nemendurna. Í Melaskólanum var þessu aldeilis öðruvísi farið. Ég byrjaði hjá yndislegum kennara, Ólafi Einarssyni. Þar sem ég var nýr í bekknum dró hann mig til hliðar til þess að upplýsa mig um ýmislegt smálegt og skapaði þannig persónuleg tengsl mín við kennarann og nemendur. Þar með var það afgreitt og féll ég vel inn í hópinn eftir það og þurfti ekki að velta því meira fyrir mér. Á þessum árum voru um 1.600 nemendur í Melaskólanum sem var þrísetinn og það voru rúmlega 30 nemendur í hverjum bekk. Samt fannst manni maður fá fulla athygli kennarans sem hlýtur að vera afrek. Það var stórkostlegt að alast þarna upp, gríðarlega mikið af börnum eins og alltaf er í nýjum hverfum."



Hilmar Þór Björnsson arkitekt.

Varð strax mikill Vesturbæingur


„Já - ég varð strax mikill Vesturbæingur og fannst eiginlega allt austan Snorrabrautar vera landsbyggðin. Mér fannst Bústaðahverfið og Vogarnir vera úti á landi. Bara vera "Austurland að Dalatanga". Heimurinn var allur vestan Snorrabrautar. Miðbærinn, bíóin, höfnin og flugvöllurinn voru innan hins byggilega heims. Manni fannst maður ekki þurfa á restinni af landinu að halda nema til að fara í sveitina á sumrin o.þ.h. Í Vesturbænum var þá eins og alltaf mikill áhugi fyrir íþróttum. Nær allir voru í fótbolta og mikið um allskonar leiki úti á götunum sem þá voru ómalbikaðar. Ég var ekki mikið í fótbolta en var meira í því að smíða flugmódel með strákunum á Högunum. Þetta var Baldur Hrafnkell Jónsson á Tómasarhaganum, Rúnar Gunnarsson á Hjarðarhaga. Þeir voru báðir sjónvarpsmenn síðar og svo var Jón Kristjánsson, fiskifræðingur, sem átti heima á Hjarðarhaga flinkur módelsmiður. Við flugum mikið á malbikuðu bílastæði að baki Háskólans sem var nánast ekkert notað fyrir bíla."

Gísli Marteinn bað mig um að halda erindi

Hilmar hefur ákveðnar skoðanir á því hvernig hann myndi vilja sjá Vesturbæinn þróast næstu árum. „Fyrir nokkrum árum hringdi Gísli Marteinn Baldursson í mig og bað mig um að halda erindi um hvernig ég vildi láta Vesturbæinn sunnan Hringbrautar líta út. Gísli var þá formaður hverfisráðsins og fékk þá hugmynd að halda svona afslappaðan fund á Hótel Sögu þar sem menn fengu sér kannski einn kaldann og ræddu möguleika og framtíð borgarhlutans. Ég hafði auðvitað hugsað um þetta frá því að ég var barn og vann sem sendill á Teiknistofu Gísla Halldórssonar á Tómasarhaga 31. Ég gaf mér smástund og útbjó "power point" sýningu með nokktum myndum þar sem hugmyndunum er lýst. Nú, líklega sjö árum síðar setti einhver þessar hugmyndir inn á vefinn Betri Reykjavík og það skipti engum togum nema að þetta varð vinsælasta hugmyndin í allri borginni núna á árinu 2017. Það var gaman að því vegna þess að ég hef gengið með þessar hugmyndir í maganum í allavega 30 ár. Kannski verður eitthvað af þessu. Mér finnst þetta blasa við."

Sjálfbær Vesturbær

Hilmar fer nánar út í þessar hugmyndir. „Þetta var áður en nýtt frábært aðalskipulag Reykjavíkur AR 2010 til 2030 leit dagsins ljós árið 2013 og er í fullkomnu samræmi við það og hugmyndina um sjálfbæra borgarhluta eins og þeir eru skilgreindir í "hverfaskipulaginu". Sjálfbærnin fellst í því að íbúarnir hafi sem mest af þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda, í göngufæri. Þetta gengur gegn þeirri þróun sem verið hefur undanfarið að flytja t.a.m. matvöruverslanirnar út úr íbúðahverfunum og út á hafnar- og iðnaðarsvæði. Þetta hefur verið að gerast þrátt fyrir að allir, ég fullyrði allir, sem sýsla með borgarskipulag hafi vitað að þetta var óheppileg stefna. Þessu vil ég snúa við og færa allt þetta inn í miðju íbúðahverfanna og í tengslum við aðal göngu- og hjólaleiðir." Hilmar segist vilja sjá Vesturbærinn þróist í samræmi við þær línur sem lagðar eru í aðalskipulaginu AR2010 til 2030 varðandi hverfaskipulagið. „Stefna að því að borgarhlutinn verði nánast sjálfbær hvað varðar alla þjónustu. Ég held að það sé hægt að fjölga íbúðum allnokkuð sunnan Hringbrautar og færa verslunina aftur inn í íbúðahverfin. Varðandi atvinnutækifæri í borgarhlutanum þá eru þau næg. Þetta er meira spurning um að bæta hverfisþjónustuna, skapa meira umferðaröryggi og auka líf á götunum með skemmtilegum samskiptum milli íbúanna. Borgarhlutinn sunnan Hringbrautar hefur mikla möguleika og er ekki stærri en svo að hægt væri að sækja alla þjónustu fótgangandi."



Á uppdrættinum má sjá hugmyndir um borgarlínu – austur vestur línu og norður suður línu.

Róttæk hugmynd

„Ég skal nefna dæmi um smáatriði. Þau hljóma kannski svolítið róttækt en hugmyndin var að gera Hofsvallagötu frá Melabúðinni að Neshaga að svokallaðri "PPS" (pedestian priority street) þar sem gangandi eiga réttinn og bílarnir verða víkjandi. Þar væri seytlandi bifreiðaumferð. Þetta fyrirkomulag yrði líka á Neshaga að Furumel. Svo yrði fjölþættri starfsemi komið fyrir í þeim húsum sem þarna eru, svo sem í Haga. Þetta væri pósthús, bókasafn, áfengisverslun og þ.h. Þarna kæmi líka heilsugæslustöð og hverfismiðstöð. Nægt er húsnæðið fyrir þetta allt nú þegar." Hilmar segir að samfara þessu yrði að endurskipuleggja umhverfi skólanna, kirkjunnar og Hagatorgs sem göngusvæði og hverfisgarð. Iðandi grænan og líflegan. „Þá fegni maður einskonar miðgarð hverfisins sem gæti orðið gott útivistarsvæði. Kirkjan, skólarnir og Hagatorg yrði einskonar "campusumhverfi" þar sem skólarnir og kirkjan eru í nokkurs konar garðumhverfi og gangandi vegfarendur hefðu algeran forgang. Það þyrfti þá ekki að fara yfir götu milli þessara helstu menningarstofnanna hverfisins. Góð hugmynd væri að koma upp duftkirkjugarði við Neskirkju í því sambandi. Það mundi styrkja sóknina verulega og gott til þess að hugsa að við Vesturbæingar fengjum tækifæri til þess að hvíla í sínum borgarhluta. Ég held reyndar að þetta sé möguleiki sem á víðast við í tengslum við sóknarkirkjurnar í prófastsdæminu."

Forsendur fyrir byggingu spítala við Hringbraut brostnar

Hilmar segir staðsetningu Landsspítans hafa verið umdeilda en hann er einn þeirra sem hefur gagnrýnt hana. „Þetta er mikið hjartans mál hjá mér. Staðan varðandi Landspítalann er sú að nánast enginn heldur því lengur fram að Hringbraut sé besti staðurinn fyrir þessa mikilvægu starfsemi. Rökin fyrir að byggja ekki þarna eru yfirgnæfandi og nánast óhrekjanleg. Þeir sem á málinu halda hafa hafnað því að gerð verði ný staðarvalsgreining vegna byggingana. Þessa afstöðu hafa þeir haldið fast í undanfarin sjö til átta ár, líklega af ótta við að niðurstaðan verði önnur. Sem hún líklega yrði." Af hverju fullyrði Hilmar þetta. „Jú allar forsendur fyrir byggingu við Hringbraut eru brostnar. Í upphafi þegar ákveðið var að sameina sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu var fengið erlent ráðgjafafyrirtæki til þess að finna nýjan stað fyrir sjúkrahúsið. Fyrirtækið Ementor komst að þeirri niðurstöðu að best væri að byggja nýtt sjúkrahús á nýjum stað. En ef ekki væru til peningar til þess væri best að byggja við Borgarsjúkrahúsið. Þetta var árið 2001. Mönnum líkaði ekki þessi ráðgjöf og skipuðu nýja staðarvalsnefnd sem bætti tveim nýjum breytum í jöfnuna og komst að annarri niðurstöðu og hún var að byggja skyldi á Hringbraut. Þetta var árið 2002. Allar forsendur fyrir



Tölvugerð mynd af fyrirhuguðu Landsspítalasvæði við Hringbrautina.

þessari niðurstöðu eru brostnar fyrir utan eina sem er umdeild. Ég nefni bara gatnakerfið og umferðarmálin þó margt fleira komi til. Þegar staðurinn var valinn árið 2002 voru Holtsgöng frá Sæbraut við Hörpu að spítalanum forsenda. Göng undir Öskjuhlíð að Kringlumýrarbraut við Fossvog með mislægum gatnamótum þar var forsenda ásamt göngum áfram undir Kópavog að Reykjanesbraut við Mjódd. Miklabrautin átti að fara í stokk og mislæg gatnamót að koma við Kringlumýrarbraut. Og flugvöllurinn í Vatnsmýrinni var líka forsenda ásamt Sundabraut til að tengjast Mosfellsbæ og Vesturlandi. Allt var þetta á aðalskipulaginu 2001 til 2024. Ekkert af þessu stendur eftir og þegar spurt er um hvaða mótvægisaðgerða verði gripið til er engin svör að fá."

En er eitthvað hægt að gera

„Ég veit ekki við hverja á að eiga í þessu máli eða hvort eitthvað er hægt að gera," heldur Hilmar áfram. Það er ekki beint við borgina að sakast vegna þess að þegar hún breytir aðalskipulaginu hefði verið eðlilegt að Nýr Landspítali OHF gætti hagsmuna sinna og gerði athugasemdir við breytinguna. Ég veit ekki til þess að þeir hafi gert það. Aðilar hjá opinbera hlutafélaginu hafa sagt að þeirra verkefni sé samkvæmt ályktun Alþingis, að byggja við Hringbraut og blanda sér ekki í umræðuna um staðsetninguna þess vegna." Hilmar segir umræðuna hafa verið þaggaða niður undanfarinn áratug og haldið áfram eins og ekkert hafi breyst. „Því er ekki lengur haldið fram að Hringbraut sé góður staður. Nú er markalínan í umræðunni flutt til og sagt að ekki sé tími til þess að skoða þetta og spegla í nýju skipulagsumhverfi og að það sé búið að ákveða þetta fyrir löngu. Það er auðvitað búið að ákveða þetta fyrir löngu en að það sé of seint að breyta því, er auðvitað ekki rétt."

Gengur ekki að verja einum til tveimur tímum á dag til og frá vinnu

„Þetta snertir umferðarmálin að sjálfsögðu. Ólöf Örvarsdóttir arkitekt, einn alfærasti skipulagsstjóri borgarinnar, sagði í nýlegu viðtali á sjónvarpsstöðinni Hringbraut að það gengi ekki lengur að við þurfum að verja einum til tveim tímum á dag að ferðast milli heimilis og vinnustaðar. Að vinna í vesturborginni og að eiga heima í austurborginni. Þessu þyrfti að breyta. Dagur B. Eggertsson virðist á sama máli þegar hann sagði í Ráðhúsinu um daginn að þétting byggðar gengi m.a. út á að færa heimilin nær vinnustöðunum. Það mundi gera borgina vistvænni og minnka bifreiðaumferð. Þetta er rétt hjá honum, en þá má líka snúa jöfnunni við með sömu markmiðum og færa vinnustaðina nær heimilunum. Landspítalinn er gott tækifæri til þess með sín sex þúsund stöðugildi. Góður staður fyrir spítalann væri t.d. við Keldur þar sem mikið og gott land er í ríkiseigu auk þess sem Borgarlínan mun fara þar um. Sá staður mundi styrkja austur vesturlínu Borgarlínunnar með miðborgina í öðrum endanum og stærsta vinnustað landsins í hinum."

Fólkið byggði sjálft – kannski ætti að taka það verklag upp aftur

Hilmar segir margt hafa breyst í Vesturbænum. „Það er ótrúlegur munur á öllu nú og þegar ég var að alast upp á Högunum. Þá voru engar gangstéttar, göturnar ómalbikaðar og enginn trjágróður. Svæðið einkenndist af melum, möl og sandi. Það var mjög vindasamt og mikið sandfok á Högunum. Maður var alltaf með sand í hárinu og eyrunum. En göturnar voru iðandi af fólki. Það voru matvörubúðir á hverju götuhorni, fjórar til fimm bara á Fálkagötunni og nokkrar við Dunhaga, og fólk fór gangandi erinda sinna. Strætó var svo fullur af fólki að bílstjórarnir þurftu að biðja fólk að færa sig aftar í vagninn til þess að farþegarnir kæmust inn. Fáir áttu einkabíl. Í stigahúsinu mínu að Dunhaga 17 þar sem voru átta íbúðir var aðeins einn bíll í eigu íbúanna. Það var Willisjeppi Bergsteins Ólasonar trésmiðs. Pabbi hafði afnot af einkabíl vegna embættis síns og svo var þar leigubílstjóri, Þorsteinn Kolbeins, sem lagði atvinnutæki sínu við húsið. Ekkja hans Rósa Þorláksdóttir, þá starfsmaður símans, býr þarna enn. Annað var líka skemmtilega öðruvísi. Í þá daga og fram yfir síðustu aldamót seldi borgin ekki lóðir. Borgin úthlutaði þeim til fólks og þá gjarna til starfsmannafélaga eða stéttarfélaga. Til dæmis eru við Hjarðarhaga, Kennarablokk, Símamannablokk og Prentarablokk. Þetta verklag var til þess að byggingarverktakar og braskarar byggðu ekki fyrir fólkið til þess eins að þéna á því. Fólkið byggði sín hús sjálft til þess að búa í þeim. Kannski menn ættu að skoða þetta verklag. Það er milljónir að sækja til húsbyggjenda með breyttu verklagi."

www.n1.is facebook.com/enneinn





Michelin X-ICE
Hljóðlát og naglalaus vetrardekk
Ný APS gúmmíblanda tryggir gott grip í kulda og hita
Frábærir aksturseiginleikar



Michelin X-ICE NORTH
10% styttri hemlunarvegalengd á ís
Færri naglar en meira grip
Aukið öryggi og meiri virðing fyrir umhverfinu



Michelin Alpin 5
Endingargóð naglalaus vetrardekk
Sérhönnuð fyrir fjölskyldu- og borgarbíla
Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur sem veitir frábært grip við erfiðar aðstæður

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318		
Fellsmúla	440-1322	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Réttarhálsi	440-1326	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Ægisíðu	440-1320	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
		Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13

Alltaf til staðar N1



Byrjað á Birkimel

Byrjað að undirbúa lagningu hjólreiðastígsins og gömlu götuljósin hafa verið tekin niður.

Framkvæmdir eru hafnar við Birkimel. Leggja á nýjan hjólreiðastíg vestan megin götunnar og setja upp nýja lýsingu.

Ástæður tafarinnar má rekja til mikillar þenslu og bygginga- og verktakamarkaði og erfitt reyndist að fá aðila til þess að taka verkið að sér. En nú er það hafið.



Nú er komin fram hugmynd um að koma gosbrunni á Lækjartorgi.

Hugmynd um gosbrunn á Lækjartorgi

- torgið í heildarendurskoðun hjá borginni

Hugmynd um að byggja gosbrunn á Lækjartorgi hefur komið fram á samráðsvefnum Betri Reykjavík en hugmyndin var sett inn á vefinn í upphafi þessa árs eða þann 31. janúar 2017. Erindið var fimmta efsta hugmynd janúarmánaðar í flokknum skipulag á samráðsvefnum.

Engin viðbrögð hafa komið fram frá umhverfis- og skipulagsstofnun Reykjavíkurborgar vegna hugmyndarinnar en í fundargerð Umhverfis- og skipulagsráðs segir að skrifstofa borgarhönnunar taki vel í hugmyndina enda hefur mikið verið rætt um endurkomu lækjarins í einhverju formi. Torgið er nú í heildarendurskoðun og er í henni gert ráð fyrir vatni í einhverju formi á torginu.

Fjölgun íbúða við Vesturbugt



Tölvugerð mynd af fyrirhuguðum byggingum á Allianz reitnum.

Ætlunin er að fjölga verulega íbúðum við Vesturbugt á hafnarsvæðinu. Samþykkt hefur verið í borgarráði að breyta deiliskipulagi Vesturbugtar, hins svokallaða Allianz reit til þess að koma fyrir fleiri byggingum en eldra deiliskipulag gerði ráð fyrir. Ekki varð samstaða í borgarráði þar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust gegn breytingunni á þeirri forsendu að um of mikla fjölgun bygginga væri að ræða sem breyta myndi heildaryfirbragði byggðarinnar mjög mikið auk þess sem hótelrekstur á svæðinu stingi í stúf við styrkingu íbúðabyggðar.

Umræddur reitur er í eigu Reykjavíkurborgar og hyggst borgin selja hann ásamt byggingarétti þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt. Byggingarnar verða alls 8.100 fermetrar, þar af 6.700 fermetrar ofanjarðar og bílakjallari með 45 stæðum verður 1.400 fermetrar að flatarmáli. Fjölmargar athugasemdir bárust við fyrirhugaða breytingu og munu íbúar við Mýrargötu 26 einkum vera ósáttir við þessar fyrirhuguðu framkvæmdir. Í athugasemdum frá húsfélaginu kemur fram flestir þeirra sem keypt hafi íbúðir í húsinu hafi gert það vegna mannlífs sem einkennir hverfið og nálægðar við höfnina. Kaupverð íbúða hafi verið fremur hátt og tekið mið af staðsetning hússins og þess útsýnis sem er frá íbúðum.

Hafnargarðmálið fyrir dómstóla

Reykjavík Development hefur krafið íslenska ríkið um 630 milljónir króna vegna tafa við byggingu við Hafnartorg eftir að hafnargarðsmálið svokallaða kom upp.

Fyrirtækið náði á sínum tíma samkomulagið við Minjastofnun um að færa hafnargarðinn stein fyrir stein en eftir standi að meta tjón sem tafir á verkinu hafi valdið. Hið opinbera hefur lagst gegn því að fá dómkvaddan matsmann til að meta tjón félagsins og nú er tekist um það atriði fyrir dómstólum.



Hafnargarðurinn sem færður var stein fyrir stein.

Nú er Nicorette® í nýjum pakkningum ...en er að öðru leyti alveg óbreytt



Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Lyfjatyggigúmmí skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munninum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnstykkið. Nefúða er úðað í hvora nösina. Forðaplástur er settur á húð. Munnsogstöflur eru látnar leysast upp í munni. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholsúða skal úða í munn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

gæludýr.is

FISKISLÓÐ



Smáratorg · Korputorg · Helluhraun · Fiskislóð · www.gaeludyr.is

Búseti byggir 78 íbúðir af ýmsum stærðum og gerðum á Keilugranda

Glöggir vegfarendur hafa tekið eftir að við Keilugranda eru hafnar framkvæmdir. Það er húsnæðissamvinnufélagið Búseti sem þessa dagana undirbýr byggingu 78 íbúða á lóðinni. Þar stóð áður hús sem nú hefur verið fjarlægt, en á líftíma þess var þar m.a. að finna starfsemi SÍF og Þvottahúsið Grýta. Til að forvitnast um byggingaframkvæmdina hitti Vesturbæjarblaðið fulltrúa Búseta, þau Bjarna Þór Þórólfsson framkvæmdastjóra og Ágústu Guðmundsdóttur sölu- og markaðsstjóra.

Þau Bjarni og Ágústa útskýra hvernig „á árunum 2004 til 2007 voru gerðar tillögur að deiliskipulagi þar sem gert var ráð fyrir mikilli uppbyggingu íbúðabyggðar á svæðinu en þær tillögur hafi ekki gengið eftir“. Landsbankinn eignaðist húsið en árið 2012 keypti Reykjavíkurborg það af bankanum. Í janúar 2015 gerðu Reykjavíkurborg og Búseti með sér viljayfirlýsingu þar sem kveðið var á um að Búseti kæmi að uppbyggingu á lóðinni. Undir það síðasta munu listamenn hafa verið með vinnustofur í húsinu.

Mikilvægt að standa vel að grundun húsanna

Bjarni segir „gert er ráð fyrir að bygging íbúðarhúsa á lóðinni hefjist í framhaldi af útfærslu grundunar húsanna og að framkvæmdum ætti að ljúka seinni hluta árs 2020“. Hann segir að „þar sem um sjávarlóð sé að ræða sé mjög mikilvægt að standa vel að grundun húsanna“. Að „unnið sé að því nú að grafa prufuholur í samstarfi við sérfræðinga til að meta það magn sem þarf að nota af forsteyptum súlum undir húsin“.


Fjögur fjölbýlishús

Ágústa útskýrir að um sé að ræða „fjögur fjölbýlishús, tvö upp á tvær hæðir með alls 20 íbúðum, eitt þriggja hæða með 12 íbúðum og eitt fimm hæða með 46 íbúðum“. Vegna fjölbreytileika í stærð og gerð íbúða erum við sannfærð um að þarna muni þróast skemmtilegt samfélag fólks á öllum aldri. Íbúðirnar eru hugsaðar sem kostur fyrir ungt fólki sem er að fóta sig á húsnæðismarkaðinum sem og eldri kaupendur sem vilja minnka við sig. Hún segir „að áhersla sé á að húsin verði fremur einföld að formi og falli vel að nærumhverfinu, þau verði staðsteypt og einangruð að utan, klædd með báruáli, en einnig með viðarklæðningu að hluta“. Á lóðinni verði „ennfremur viðarklætt lágreist timburhús sem mun hýsa hjól og





Útlit af fyrirhugaðri byggð á Keilugranda.



þess háttar en ekki sé gert ráð fyrir bílageymslu. Hún útskýrir einnig að „á suð-austurhluta lóðar verði staðsettur svokallaður lýðheilsureitur, opinn almenningi, sem verði útfærður í samstarfi Reykjavíkurborgar, Búseta og KR“. Einnig kom fram að Félagsbústaðir eiga kauprétt á 18 litlum íbúðum í þessu verkefni.

Áhersla á einfaldleika í hönnun


Ágústa nefnir að „þessa dagana sé félagið með í sölu nýjar glæsilegar íbúðir í hinu svokallaða Smiðjuholti sem er vel staðsett miðsvæðis, nálægt Hlemmi, við Þverholt og Einholt. Áhersla er lögð á einfaldleika í hönnun í Keilugrandaverkefninu“. Hún segir „aftur á móti að Smiðjuholtið sé mun íburðarmeira með bílakjallara í sameign. Markmiðið er að höfða til ólíkra hópa en stefna Búseta er að tryggja fjölbreytni á húsnæðismarkaði.

Gott samráð við íbúa

Að lokum útskýra þau Bjarni og Ágústa að „þar sem reiturinn er hluti af þéttingu byggðar og er umvafinn grónu umhverfi í Vesturbænum sé mikilvægt að vel sé vandað til verka og haft gott samráð við íbúa á svæðinu“. Að „Búseti hafi staðið fyrir íbúafundum þar sem komu fram góðar ábendingar sem tekið var tillit til í hönnunarferlinu“. Ágústa nefnir að „á vefsíðu Búseta verði að finna upplýsingar um framgang verkefnisins og að þar sé hægt að skrá sig til að gerast félagsmaður hjá Búseta“.



TOYO TIRES
driven to perform



Nesdekk verkstæði í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi við misjöfn akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum fyrir þig.



TOYO TIRES harðskeljadekk	TOYO TIRES harðskeljadekk	TOYO TIRES driven to perform	TOYO TIRES driven to perform	TOYO TIRES driven to perform	TOYO TIRES driven to perform
GSI-5	G3S - ICE	Snowprox S 953	H09	Toyo AT	Toyo MT

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Sjötti bekkur í Grandaskóla



Nokkrir sjöttu bekkingar úr Grandaskóla í höfuðstöðvum Forlagsins við Fiskislóð.

Í lestrarátaki með Forlaginu

Krakkarnir í sjötta bekk í Grandaskóla eru byrjaðir í lestrarátaki með Forlaginu. Verkefnið snýst um að vinna áfram með verkefni sem hófst 2014 og reyna nýja aðferð við að vekja áhuga krakka á lestri og bókum með því að gera þau að beinum þátttakendum í ferlinu, þ.e. skrifa bók og gefa hana út.

Nýlega fóru krakkarnir í verslunina og á lagerinn á Fiskislóð, fræddust um starfsemina og starfsfólkið þar sagði þeim frá hvernig það væri að vinna í bókaheiminum. Síðan var farið í ratleik, krakkarnir látnir leysa bókmenntaleg stafarugl og fleira.



Sóknarnefnd Dómkirkjunnar vill Víkurkirkjugarð

- rannsóknir á garðinum sýna að mikið var um dauða barna og ungmenna fyrir á öldum

Sóknarnefnd Dómkirkjunnar telur að Víkurgarður sé í umsjá nefndarinnar fyrir hönd kirkjunnar. Sóknarnefndinni sé því heimilt að lögum að heimila Reykjavíkurborg að skipuleggja garðinn sem almenningsgarð en önnur ráðstöfun sé ekki heimil. Vegna þess að miklu hefur áður verið rótað á þessu svæði er erfiðleikum bundið að vinna nákvæmar rannsóknir en þó hefur komið fram að mikið hefur verið um barnadauða og ekki síður ungmennadauða fyrr á öldum.

Miklar deilur hafa verið um Víkurgarður sem er forn grafreitur og stóð við Víkurkirkju, torfkirkju sem stóð á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis. Talið er að garðurinn hafi verið notaður til greftrunar frá upphafi byggðar í Reykjavík allt fram á miðja 19. öld að Hólavallagarðurinn var tekinn í notkun árið 1838. Vitað er að fólk var jarðsett í Víkurkirkjugarði síðar eða allt til ársins 1883. Út frá þessum ártölum má ætla að jarðneskar leifar um 30 kynslóða Reykvíkinga hvíli í garðinum. Reykjavíkurborg fékk garðinn til eignar árið 1966.

Hótelbygging ástæða deilnanna

Ástæður deilna um garðinn er að í deiliskipulagi Reykjavíkur er heimilt og stendur til að reisa 160 herbergja hótel, Iceland Parliament, við hlið Landsímahússins og áætluð verklok eru næsta vor og gert er ráð fyrir að hluti hótelbyggingarinnar verði í Víkurgarði. Alþingi kærði deiliskipulagið árið 2013 en fallið var frá þeirri kæru árið 2016 eftir að ákveðið var að færa anddyri hótelsins frá þinghúsinu og í átt að Víkurgarði.

Nokkrar rannsóknir gerðar

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu svæði. Hin fyrsta var gerð af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði árið 1944 og síðan hafa ýmsir fræðimenn á sviði fornminja unnið að athugunum á því. Vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda var efnt til rannsókna á þessu svæði meðal annars vegna þess að um gamlan grafreit er að ræða.



Unnið að rannsóknum í Víkurkirkjugarði.

Samkvæmt lögum um minjavernd og í þjóðminjalögum ber borginni skylda til rannsaka svæðið áður ráðist er í framkvæmdir. Rannsókn á garðinum hefur því verið út frá framkvæmdum.

Mikið um dauða barna og ungmenna

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur hefur haft umsjón með þeirri rannsókn sem tekur alfarið til svokallaðs Landssímareits. Vala segir að búið hafi verið að róta mikið til á þessu svæði sem torveldi rannsóknarstarf á ýmsan hátt. Við viðbyggingu Landssímahússins árið 1967 hafi yngsti hluti grafreitsins verið fjarlægður vegna jarðvegsskipta en grafið var undir bygginguna niður á það sem kallað er fastan jarðveg. Því sé ákveðnum erfiðleikum bundið að framkvæma nákvæmar rannsóknir. Þegar spjall við Völu fór fram voru allar niðurstöður rannsóknarinnar ekki komnar þar á meðal nákvæmar aldursgreiningar. Takmarkaðar upplýsingar eru til um Reykjavík fyrri tíma og rannsóknir á Víkurkirkjugarði bæta ekki eins miklu við þær og menn höfðu ef til vill vonast eftir. Þekkt er í söguna að kistur voru fjarlægðar úr gröfum og virðing gagnvart látnunum var með öðrum hætti en í okkar nútíma samfélagi. Vala segir að það sem greina megi frá sé að í um 40% af þeim gröfum sem hafi reynst óhreyfðar liggi fólk á aldrinum frá um 12 til 22 ára en einnig mikið af kornabörnum. Þetta segi nokkuð um söguna og hvernig heilsufari þjóðarinnar hafi verið háttað. Þetta megi rekja bæði til pesta sem herjuðu á landsmenn – þar á meðal Svartadauða en einnig til mikils þekkingarleysis í heilbrigðismálum.

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands





Gríptu tækifærið á Granda

Verið velkomin

Lyf & heilsa hefur flutt úr JL-húsinu út á Granda. Við bjóðum ykkur velkomin á nýjan og betri stað með sama langa opnunartímanum.

Opið fyrir þig

Mán–fös	*Lau–sun*
8–22	*10–22*

Lyf & heilsa Granda

PiparTBWA \ SÍA



Hollusta var að sjálfsögðu á borðum í heilsuvikunni.

Heilsuvika í Vesturbæjarskóla

Heilsuvika stóð yfir í Vesturbæjarskóla um miðjan október. Í heilsuvikunni var einkum lögð áhersla á samveru, hreyfingu og lífsgleði.

Heilsuviku lauk með árlegu skólahlaupi, sem fór fram 18. október. Foreldrar voru sérstaklega velkomnir og hvattir til að taka þátt í hlaupinu og bauð foreldrafélagið upp á veitingar að hlaupinu loknu.

Jónas Reynir hlaut bókmenntaverðlauna Tómasar

- torgið í heildarendurskoðun hjá borginni

Jónas Reynir Gunnarsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2017 fyrir ljóðahandritið Stór olíuskip. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti verðlaunin sem nema 700 þúsund krónum. Fyrstu eintök af bókinni komu um leið úr prentun í útgáfu bókaforlagsins Partusar.

Alls barst 51 óbirt ljóðahandrit undir dulnefni. Dómnefndina skipuðu Úlfhildur Dagsdóttir formaður, Þórarinn Eldjárn og Illugi Gunnarsson.

Í niðurstöðu dómnefndar segir: „Stór olíuskip er sterkt og fallegt verk. Ljóðin eru stílhrein og myndmálið ferskt og grípandi. Heildarmyndin er fimlega smíðuð og kallar á endurlestur; stóru olíuskipin sigla inn og út um vitund lesandans og skilja eftir sig fínlegt kjölfar tilfinninga sem spanna allt frá depurð og eftirsjá til hógværs fagnaðar. Jónas Reynir Gunnarsson er fæddur 1987. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Egilsstöðum og grunn- og meistaranámi í ritlist frá Háskóla Íslands. Jónas hefur birt ljóð í Tímariti Máls og menningar og Stúdentablaði Háskóla Íslands, þar sem hann hlaut fyrsta sæti í árlegri ljóðakeppni blaðsins 2014.



Jónas Reynir Gunnarsson og Dagur B. Eggertsson.

Félagsmiðstöðvadagurinn er 1. nóvember

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar halda félagsmiðstöðvadaginn hátíðlegan þann 1. nóvember næstkomandi. Markmið dagsins er að vekja athygli á því fjölbreytta og metnaðarfulla starfi sem fram fer í félagsmiðstöðvum landsins.

Samfés sem eru Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi hvetja allar félagsmiðstöðvar á landinu til að taka þátt í deginum. Foreldrum, aðstandendum og fyrrverandi unglingum og öllum áhugasömum er boðið að sjá hvað fer fram í félagsmiðstöðvunum um þessar mundir.


TJÖRNIN
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR



Jóhanna Bjarnadóttir tónmenntakennari var heiðruð með samsöng barnanna Skála Melaskóla 18. október. Með samsöngnum var hun heiðruð og þökkuð þau störf sem hún hefur unnið fyrir Melaskóla í 26 ár.

Stigateppi

Stigateppi
fyrir húsfélög og sameignir





Mælum og gerum tilboð að kostnaðarlausu

KJARAN
SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-17

Stórbættur viðlegukantur á Norðurgarði

Nú er unnið að breikkun viðlegukants á Norðurgarði þar sem frystigeymsla HB Granda stendur og er verkið á forræði Faxaflóahafna. Framkvæmdin hófst um mitt ár 2016 og áætlað er að framkvæmdunum ljúki á komandi vori. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni kosta um hálfan milljarð króna.



Hafnarbætur við Norðurgarð.

Viðlegukanturinn kemur í stað 100 metra langrar trébryggja sem var byggð 1965 þegar frystihús Ísbjarnarins var þar. Trébryggjan hefur verið rifin og unnið er að því að reka niður stálþil og byggja nýjan hafnarbakka. Mikil breyting verður á aðstöðu með tilkomu hins nýja bryggjukants. Trébryggjan var ekki nema tíu metrar á breidd en nýi viðlegukanturinn verður 25 metrar á breidd með fram frystigeymslunni. Dýpið við bryggjuna verður rúmir sjö metrar og því ljóst að um mjög bætta aðstöðu verður að ræða.

Raunsæi í umferðinni

Þótt við Vesturbæingar séum þeirrar gæfu aðnjótandi að geta farið margra okkar ferða gangandi þá er staðreyndin sú Reykvíkingar almennt fara um 70% ferða sinna á bíl. Um 5% ferða eru með almenningssamgöngum. Það gefur því auga leið að jafnvel þótt tækist að tvöfalda notkun strætisvagna hefði það ekki mikil áhrif á bílaumferðina. Bílaumferðin á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist um 40% frá árinu 2005 samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Aukingin í ár stefnir í 8% eða langt umfram notkun strætisvagna.

Það er óraunhæft að taka ekki mið af þessum staðreyndum þegar teknar eru ákvarðanir um gatnagerð í borginni. Því miður hefur raunsæið ekki verið með í för hvað þessi mál varðar undanfarin ár. Borgaryfirvöld hafa því miður ekki viljað leysa verstu umferðarhnútana við ljósastýrð gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, Miklubrautar og Grensásvegar, Miklubrautar og Háaleitisbrautar og Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Óþarfar tafir, tímasóun, slys og mengun fylgja núverandi ástandi við þessi gatnamót. Menn hafa samanburð við hin gömlu mislægu gatnamót Reykjanesbrautar og Miklubrautar við Elliðaár, umferðaþyngstu gatnamót landsins, þar sem fá slys verða í samanburði við ljósastýrðu gatnamótin sem borgaryfirvöld halda svo fast í.



Sigríður Á. Andersen.

Þingmenn Reykvíkinga fyrir Sjálfstæðisflokkinn munu beita sér fyrir því að borgaryfirvöld taki tillit til þarfa borgarbúa í samgöngumálum.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra leiðir lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.

BIKE CAVE
Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook
Sími: 770-3113

Bike Cave Skerjafirði er lítið fjölskyldufyrirtæki sem hefur þá hugsjón að bjóða upp á góðan mat á frábæru verði.
Láttu sjá þig því sjón er sögu ríkari.
www.bikecave.is/matseðill





FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Fjölbreyttur hópur í Landakotsskóla.

Tungumáladagur í Landakotsskóla

- nemendur og starfsfólk tala 32 tungumál

Haldið var upp á evrópska tungumáladaginn í Landakostsskóla 26. september sl. Sólveig Simha, frönskukennari og Anna Guðrún Júlíusdóttir, kennari nemenda með annað tungumál en íslensku, skipulögðu verkefni þar sem nemendur skólans bjuggu til tungumálatré. Tréð stendur á gangi skólans og bjó hver nemandi til lauf sem á stendur góðan daginn á hans móðurmáli. Nemendur og starfsfólk Landakotsskóla tala alls 32 tungumál.

Mennta- menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur haldið móðurmálsdaginn hátíðlegan frá því árið 2000. Markmiðið er að efla fjölbreytni tungumála og fjölmálamenntun og glæða vitund um tungumála- og menningarhefðir sem byggjast á skilningi, umburðarlyndi og samræðu. Að mati stofnunarinnar er helmingur tungumála heimsins í útrýmingarhættu og gætu horfið fyrir næstu aldamót.



Séra Karl Sigurbjörnsson og Kristín Guðjónsdóttir kona hans.

Karl lætur af starfi við Dómkirkjuna

Séra Karl Sigurbjörnsson biskup er að láta af þjónustu við Dómkirkjuna. Karl messaði í kirkjunni síðast liðinn sunnudag í tilefni þessara tímamóta. Í frétt frá Dómkirkjunni kemur fram að þakklæti og kærleikur sé efst í huga, þegar söknarnefnd og söfnuður þakka Karli fyrir samstarfið og þeim hjónum vináttuna.

Fjöldi fólks kom í guðsþjónustuna og eftir messu tóku til máls í kirkjunni Marinó Þorsteinsson formaður söknarnefndar, séra Þórir Stephensen og séra Sveinn Valgeirsson söknarprestur og þökkuðu þeir allir Karli biskup fyrir hans dýrmæta starf. Veislukaffi var í safnaðarheimilinu að lokinni athöfn í kirkjunni.

Frístundamiðstöðin Tjörnin byrjar annað starfsárið

- áhersla lögð á lýðheilsu, lýðræði og foreldrasamstarf

Frístundamiðstöðin Tjörnin hefur nú sitt annað starfsár og áhugasamir geta kynnt sér á starfsáætlun 2017-2108 á heims www.tjornin.is .

Starfsáætlunin er unnin í takt við starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og gerð í víðtæku samráði við þjónustuþega og starfsmenn. Í ár verður lögð áhersla á lýðheilsu og lýðræði og aukið foreldrasamstarf. Umbótaþættir skóla- og frístundasviðs verða sem rauður þráður í gegnum allt starf en þeir eru auk þeirra sem taldir hafa verið upp læsi og málþroski, verk-, tækni- og listnám, mannrétttindi og fjölmenning. Í ár er farin ný leið og áætlunin er jafnframt sett fram í myndrænu formi. Gildi Tjarnarinnar eru umhyggja, framsækni og fjölbreytni og unnið verður með að innleiða gildin inn í allt starf. Framundan er spennandi ár í frístundastarfi en fljótlega mun koma út stefna í frístundamálum í Reykjavík sem mun styðja enn frekar undir framþróun í frístundastarfi fyrir íbúa.



Tjörnin var valin stofnun ársins 2017. Á myndinni er starfsfólk Tjarnarinnar.







Fjárstyrkir á vegum hverfisráðs Vesturbæjar

Hverfisráð Vesturbæjar auglýsir hér eftir áhugasömum einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum til að sækja um í sjóð ráðsins, en Hverfisráðið mun úthluta að hámarki 200.000 kr. en umsóknum skal skilað fyrir 7. nóvember í rafrænu formi til Harðar sem er verkefnastjóri í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða á netfangið hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

Hér að neðan eru upplýsingar um reglur sjóðsins:

1. Markmið með styrkjum Hverfisráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að ýmsum verkefnum og uppákomum í Vesturbænum.

2. Hverfisráðið ákveður í sameiningu hvort viðkomandi umsækjandi fái þann styrk sem sótt er um.

3. Árleg framlög eru að hámarki 500.000 kr. en úthlutað er úr sjóð ráðsins tvisvar á ári, í maí og nóvember.

4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir fyrri hluta apríl- og nóvembermánaðar ár hvert og skal auglýsa opinberlega í hverfismiðlum Vesturbæjar þegar hægt er að sækja um í sjóðinn.

5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af:

   a) Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð;

   b) Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf;

   c) Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.

6. Greiðslur úr sjóðnum verða greiddar út í einni greiðslu til viðkomandi aðila sem hljóta styrk hverju sinni.

7. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um framvindu verkefnisins til verkefnastjóra í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í síðasta lagi ári eftir að styrkurinn er greiddur.

8. Hverfisráð getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín, en ráðið metur hvort þörf er á því hverju sinni.

Hverfisráð Vesturbæjar

Þemavika í Frostheimum

- tileinkuð vísindum og tilraunum

Í Frostheimum var þemavika dagana 9. - 13. október og var vikan tileinkuð vísindum og tilraunum. Þá daga fengu Frostheimabúar að kynnast konum í vísindum og voru myndir af nokkrum fyrirmyndum hengdar upp á vegg og sagt frá þeirra framlagi til vísindanna.

Einnig var boðið upp á fjölbreyttar og skemmtilegar vísindatilraunir á hverjum degi þar sem Frostheimabúar fengu smjörþefinn af því hvað er að vera vísindamaður. Að búa til sitt eigið slím var mjög vinsælt sem og að búa til lava lampa og kveikja á kerti án þess að láta logann snerta kveikiþráðinn. Vísinda- og tilraunavikan er fyrsta þemavika vetrarins í starfinu hjá Frostheimum en næst á döfinni eru þemadagar tileinkaðir vináttu og hrekkjavökupartý.





Myndirnar voru teknar í þemavikunni.



Frá Tjarnarleikunum.

Frosti sigraði Tjarnarleikana

Frosti sigraði Tjarnarleikana voru haldnir hátíðlegir í fyrsta skipti í lok september. Þar kepptu unglingarnir í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar sín á milli í óhefðbundnum keppnum.

Keppt var í að mála eftir fyrirmynd, kökuskreytingakeppni, lip sync battle og ýmsu fleiru. Félagsmiðstöðin Frosti hafi bar sigur úr býtum og vakti það mikla kátínu hjá unglingunum í Vesturbænum. Það búa greinilega miklir og fjölbreyttir hæfileikar í Frostafólki. Tjarnarleikunum lauk svo með sameiginlegu balli allra félagsmiðstöðva Tjarnarinnar í Spennistöðinni við Austurbæjarskóla. Það má því með sanni segja að þessi fyrsta tilraun að Tjarnarleikunum hafi tekist ansi vel og hlakka unglingarnir til að verja titilinn að ári.


REYKJAVÍKURBORG



Er leiðin greið?

Sýnum samborgurum okkar tillitssemi og tryggjum greiðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir. Hugum að trjágróðri sem vex út fyrir lóðarmörk yfir gangstéttir og stíga.

Umferðarmerki eiga að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Gæta þarf að lágmarkshæð trjágróðurs þar sem vélsópar, snjóruðningstæki og sorphirðubílar þurfa að fara um.



Hugsum út fyrir garðinn svo leiðin sé greið allt árið!

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/trjagrodur

Reykjavíkurborg | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg október 2017/ JHJ

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

www.101.is



Sælkeraverslun með sjávarfang á Hagamelnum

- fyrirtæki á Suðureyri komið í Vesturbæinn

Elías Guðmundsson ásamt vöskum hópi samstarfsmanna hefur opnað sælkeraverslun með sjávarfang á Hagamel 67 þar sem ritfangaverslunin Úlfarsfell var um áratugi. Elías er frá Suðureyri og er búinn að reka fyrirtækið Fisherman í 16 ár. Reksturinn hófst með endurbyggingu húss sem stóð til að rífa og koma þar upp gisti og veitingarekstri. Reksturinn hefur undið upp á sig og fór fyrirtækið að bjóða upp á sælkeraferðir sem byggja á að upplifa fisk í litlu sjávarþorpi. Nú hefur fyrirtækið opnað sælkeraverslun í Vesturbæ Reykjavíkur þar sem hægt er að velja fisk, meðlæti og sósur, ýmist til að taka með eða borða á staðnum. Þá er boðið upp á ýmsa sérrétti eins og plokkfisk-samloku, smjörsteiktar gellur, og djúpsteiktan fisk og franskar.

Hvað kom til að þið ákváðuð að færa ykkur suður. „Við vorum að leita leiða til að draga úr árstíðasveiflum í rekstrinum hjá okkur. Ferðaþjónustan fyrir vestan hefur verið að byggjast mikið upp tengt fiski og þá eingöngu yfir sumartímann en það fylgja því ókostir að stækka mikið bara hluta úr ári. Starfsmannafjöldinn á sumrin fer upp í 25 manns til að sinna ferðaþjónustunni en svo kemur vetur og þá er ekkert fyrir hópinn að gera. Við tókum því ákvörðun um að stækka ekki meira á sumrin heldur vinna meira með fiskinn sem er svo mikið í okkar umhverfinu fyrir vestan og gera meira úr honum allt árið. Við fengum tækifæri til þess að koma með skemmtilega vörulínu með fisk inn í Hagkaup en því tengt vantaði okkur eldhús þar sem hægt væri að vinna og pakka ferskum fiskmáltíðum á hverjum degi.



Elías Guðmundsson.

Húsnæði þar sem hlægt var að slá tvær flugur í einu höggi

Vesturbærinn varð fyrir valinu – sérstök ástæða til þess?

„Við duttum niður á laust húsnæði við Hagamel og þar var hægt að slá tvær flugur í einu höggi. Framleiða fiskrétti fyrir Hagkaup og einnig að opna Fiskisjoppu. Fjölskyldan mín er nýlega flutt í Vesturbæinn og okkur líður mjög vel í hverfinu. Vegna vinnu þá ferðast ég mikið vestur og mér finnst eins og ég sé að upplifa það besta frá báðum stöðum. Vesturbærinn heillar mig mikið og mér líður mjög vel hér. Að búa í borg og að eiga ávallt erindi í æskustöðvarnar er fullkomin blanda. Það er líka skemmtileg tilviljun að pabbi ólst upp í blokkinni beint á móti Fiskisjoppunni og Jóhanna konan mín ólst upp á Hagamel 33 þar til hún var 10 ára. Hún verslaði sínar skólabækur í Úlfarsfelli hér áður fyrr og sótti mjólk yfir götuna í Melabúðina. Það eru því smá rætur í fjölskyldunni við hverfið.“



Á myndinni eru starfsmenn Fisherman; frá vinstri Sindri, Dagur, Styrmir og Guðbjartur.

Fiskisjoppna hugsuð sem hverfisverslun

Hverfisverslun – “street food” eða eru þið að hugsa um stærra svæði?

„Við tökum nú bara eitt skref í einu og það er ekki búið að ákveða neitt um frekari stækkun á þessum hjá okkur. Við höfum fengið frábærar viðtökur og virkilega gaman að sjá hvað margir eru að koma við hjá okkur, bæði til að versla og líka bara til að bjóða okkur velkomin í hverfið. Maður er fullur þakklætis á svona stundu. Fiskisjoppan er fyrst og fremst hugsuð sem hverfisverslun en við sjáum það strax að fólk er að leggja á sig ferðalag inn í hverfið til að fá sér að borða hjá okkur. Eiginlega meira en okkur grunaði.“

Eingöngu ferskt hráefni

Elías segir að þau séu svo heppin að hafa gott aðgengi að góðu hráefni fyrir vestan. „Þar eru dagróðrabátar mikið að veiða fisk á línu sem er afbragðs gott hráefni og svo er fiskeldið að byggjast mikið upp þar en þaðan kemur laxinn, bleikjan og silungurinn. Við erum eingöngu að vinna með ferskt hráefni sem hefur ekki verið fryst. Það skiptir miklu máli til að hafa gæðin sem best. Við frystingu fer töluvert af vökva úr fiskinum og áferðin verður allt önnur. Mér finnst oft bera á því að það sé verið að kalla fisk sem hefur verið frystur og síðan afþíddur rétt fyrir sölu ferskan fisk. En það er bara ekki sama varan. Sama má segja um fisk sem hefur verið veiddur í net, dragnót eða troll. Hann verður stundum blóðsprunginn og linur. Það skiptir því miklu máli að velja hráefnið vel og vita hvaðan það kemur.

Heimsókn í fiskvinnslu hluti af ferðaþjónustunni

En þið eigið uppruna í ferðaþjónustunni. Síðan bættist fiskurinn við. „Já -við höfum í nokkur ár verið að selja stuttar dagsferðir á Suðureyri sem við köllum Seafood trail en þær ganga út á það að gefa gestum kost á að upplifa fisk og lífið í litlu vistvænu sjávarþorpi út á landi. Við gefum gestum að smakka á framleiðslu heimamanna, förum inn í fiskvinnslu til að sjá frá fyrstu hendi hvernig fiskurinn er unninn og svo endar ferðin í fiskiskóla þar sem eldaður er skyndibiti úr fisk með gestum. Þessar ferðir hafa notið mikilla vinsælda hjá okkur og sem dæmi fóru yfir 5.000 gestir í þessar ferðir hjá okkur í sumar.“

Í þorpinu snýst allt um fisk

Elías er fæddur og uppalinn á Suðureyri þar sem allt snýst um fisk. „Já maður er alinn upp í þessu umhverfi þar sem allt snýst um fisk og því má segja að umhverfið hafi mótað mann frekar mikið. Ég var sjö ára þegar ég byrjaði að fara á handfæraveiðar með afa. Við afi rérum mikið á vorin á litlum en þungum timbur árabát með net til að veiða rauðmaga sem var mikið ævintýri fyrir ungan strákling. Það var líklega ekki búið að finna upp umboðsmann barna og allt það á þessum tíma,“ segir Elías og hlær. „Afi keypti þennan bát nýjan árið sem ég fæddist og fyrir nokkrum árum síðan þá fann ég bátinn aftur hér í Mýrargötunni og náði að plata eigandann til að selja mér bátinn sem er núna kominn aftur á Suðureyri.“

Fiskurinn er ekki að hverfa

Elías segir að fá að vinna með fisk sé virkilega skemmtilegt áhugamál og þegar tvinna megi saman vinnu og skemmtilegt áhugamál þá er ekki annað hægt en að njóta lífsins. Elías segir fiskinn hafi mögulega verið að hverfa af borðum landsmanna um tíma en ekki lengur. „Íslendingar vit að það vel að fiskur er mjög holl og góð fæða og af samtölum mínum við okkar viðskiptavini þá sé ég ekki betur en að það sé mikill áhugi á því að borða góðan og hollan fisk. Neysluvenjur hafa samt tekið breytingum en fólk er ekki að elda eins mikið heima og það gerði hér áður fyrr. Þess vegna er svona Fiskisjoppa eins og okkar fullkomin valkostur fyrir fólk á hraðferð. Bæði til að fá fiskinn eldaðan eða fá holla og vel samsetta fiskmáltíð til að klára að elda heima. Það er því við hæfi að þakka Elíasi fyrir spjallið og að kveðja með nýja slagorði Fisherman sem er „borðum meiri fisk.“





Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

DAGSKRÁ

Félagsmiðstöðva/samfélagshúsa í hverfum Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

MÁNUDAGUR

08:30	Leirmótun	**Vitatorg**
09:00	Opin vinnustofa	**Aflagrandi**
09:00	Opin handverkstofa	**Bólstaðarhlíð**
10:00	Upplestur	**Langahlíð**
10:00	Handaband, *vinnustofa í handverki*	**Vitatorg**
10:00	Bókabíllinn á svæðinu	**Vitatorg**
10:00	Hjúkrunarfræðingur, *2. hverja viku*	**Vitatorg**
10:30	Leikfimi í KR	**Aflagrandi**
10:30	Qigong	**Bólstaðarhlíð**
10:30	Boccia	**Langahlíð**
12:50	Leikfimi	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Frjáls spilamennska	**Vitatorg**
13:00	Bókband	**Vitatorg**
13:00	Félagsvist	**Aflagrandi**
13:00	Útskurður I	**Aflagrandi**
13:00	Myndlist, *frjáls tími*	**Aflagrandi**
13:00	Bútasaumshópur	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Opin handverkstofa	**Langahlíð**
13:00	Handavinna	**Vitatorg**
13:30	Harmonikkuball, *1. mán. hvers mán.*	**Aflagrandi**
13:30	Söngstund við píanóið	**Vitatorg**
13:40	Framhaldsþættir	**Bólstaðarhlíð**
13:45	Leikfimi	**Langahlíð**
15:00	Handavinnuhópur	**Vitatorg**
18:00	Jóga	**Aflagrandi**

ÞRIÐJUDAGUR

09:00	Opin vinnustofa	**Aflagrandi**
09:00	Opin handverkstofa	**Bólstaðarhlíð**
09:00	Yngingar yoga	**Bólstaðarhlíð**
09:00	Postulínsmálun	**Langahlíð**
09:00	Bútasaumur	**Vitatorg**
09:00	Glerlist	**Vitatorg**
09:30	Jóga	**Aflagrandi**
10:15	Gönguhópur	**Aflagrandi**
10:30	Hóppjálfun, *stólaleikfimi*	**Vitatorg**
10:40	Boccia	**Bólstaðarhlíð**
10:50	Vatnsleikfmi	**Vesturbæjarlaug**
11:00	Hjúkrunarfræðingur	**Bólstaðarhlíð**
12:30	Bónusrúta	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Postulínsmálun	**Aflagrandi**
13:00	Tálgað í tré	**Aflagrandi**
13:00	Leshópur	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Opin handverkstofa	**Langahlíð**
13:00	Handavinna	**Vitatorg**
13:00	Frjáls spilamennska	**Vitatorg**
13:15	Bíó	**Aflagrandi**
13:30	Línudans	**Aflagrandi**
13:30	Gönguferð um hverfið	**Bólstaðarhlíð**
13:30	Félagsvist	**Vitatorg**
13:45	Landið skoðað, *m/ nútímatækni*	**Langahlíð**
15:00	Bókaklúbbur	**Vitatorg**

MIÐVIKUDAGUR

09:00	Opin vinnustofa	**Aflagrandi**
09:00	Opin handverksstofa	**Bólstaðarhlíð**
09:00	Myndlist	**Bólstaðarhlíð**
09:00	Bókband	**Vitatorg**
09:00	Handavinna	**Vitatorg**
10:00	Herraklúbbur	**Langahlíð**
10:00	Tölvu- og snjallsímakennsla	**Vitatorg**
10:30	Foreldramorgnar	**Aflagrandi**
10:30	Leikfimi *í KR*	**Aflagrandi**
10:30	Tölvu- og snjallsímakennsla	**Bólstaðarhlíð**
10:40	Boccia	**Bólstaðarhlíð**
12:30	Spiladagur, *frjáls spilamennska*	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Prjónahópur	**Aflagrandi**
13:00	Glerlist	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Postulínsmálun	**Langahlíð**
13:00	Bókband	**Vitatorg**
13:30	Frjáls spilamennska	**Vitatorg**
13:30	Gönguferð	**Langahlíð**
13:30	Myndlist	**Vitatorg**
13:45	Söngstund við píanóið	**Aflagrandi**
14:00	Dansleikur, *Vitatorgsbandið*	**Vitatorg**
15:00	Bókaspjall Hrafns Jökulssonar	**Aflagrandi**

FIMMTUDAGUR

09:00	Opin vinnustofa	**Aflagrandi**
09:00	Opin handverkstofa	**Bólstaðarhlíð**
09:00	Opin handverkstofa	**Langahlíð**
09:00	Bókband	**Vitatorg**
09:00	Handavinna	**Vitatorg**
09:30	Vítamín í Valsheimili	**Bólstaðarhlíð**
09:30	Vítamín í Valsheimili	**Langahlíð**
09:30	Vítamín í Valsheimili	**Vitatorg**
10:00	Upplestur	**Langahlíð**
10:15	Gönguhópur	**Aflagrandi**
10:15	Vatnsleikfimi	**Vesturbæjarlaug**
10:30	Lesið og spjallað	**Bólstaðarhlíð**
11:00	Notendaspjall, *1. fim. hvers mán.*	**Aflagrandi**
13:00	Myndlist	**Aflagrandi**
13:00	Söngfuglarnir	**Aflagrandi**
13:00	Bingó, *mánaðarlega*	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Bókband	**Bólstaðarhlíð**
13:00	Frjáls spilamennska	**Vitatorg**
13:15	Bókmenntaklúbbur	**Aflagrandi**
13:20	Bingó, *2. fim. hvers mán.*	**Langahlíð**
13:30	Söngstund m/ Gylfa, *mánaðarlega*	**Bólstaðarhlíð**
13:30	Boccia	**Langahlíð**
13:30	Handavinna	**Vitatorg**
13:30	Helgistund, *1. fim.hvers mán.*	**Vitatorg**
14:00	Samverustund, *2. fim.hvers mán.*	**Bólstaðarhlíð**
14:00	Samverustund, *4. fim. hvers mán.*	**Langahlíð**

FÖSTUDAGUR

09:00	Opin vinnustofa	**Aflagrandi**
09:00	Opin handverksstofa	**Bólstaðarhlíð**
09:30	Aðstoð við notkun á æfingatækjum	**Vitatorg**
10:00	Föstudagshópurinn	**Vitatorg**
10:30	Gönguhópur	**Vitatorg**
10:40	Lífssögur	**Bólstaðarhlíð**
12:50	Leikfimi	**Bólstaðarhlíð**
13:30	Bingó	**Aflagrandi**
13:30	Bingó	**Vitatorg**
13:45	Landið skoðað, *m/ nútímat. mánaðarl.*	**Bólstaðarhlíð**
13:45	Leikfimi	**Langahlíð**
14:00	Fræðsludagur, *mánaðarlega*	**Bólstaðarhlíð**
14:30	Vöflukaffi	**Vitatorg**
15:00	Bíó, *auglýst sérstaklega*	**Langahlíð**

Opið kaffihús er alla virka daga kl. 14:30 - 15:30.
Í boði eru girnilegar veitingar, gjarnan heimabakað og er verðinu stillt í hóf.

Heitur matur frá Vitatorgi er í hádeginu alla virka daga kl. 11:30 - 12:30.
Mat þarf að panta eða afpanta í síðasta lagi samdægurs fyrir kl. 9:00.

Félagsmiðstöðin
Bólstaðarhlíð 43 - 105 Reykjavík - sími 535 2760

Félagsmiðstöðin
Langahlíð 3 - 105 Reykjavík - sími 411 2550

Sundhöllin
Barónsstígur 45a - 101 Reykjavík - sími 411 5350

Vesturbæjarlaug
Hofsvallagata - 107 Reykjavík - sími 411 5150

Vesturreitir
Aflagrandi 40 - 107 Reykjavík - sími 411 2701

Vitatorg
Lindargata 59 - 101 Reykjavík - sími 411 9450

ÍTR Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Blómabúðin á Hagamel



Hrafnhildur Þorleifsdóttir í blómabúðinni. „Ég kann vel við að vera með vinnuumhvefið frammi í búðinni – innan um viðskiptavinina.

Nýr eigandi að Blómagallerí á Hagamel

Hrafnhildur Þorleifsdóttir tók við rekstri Blómagallerí á Hagamel 1. júlí á liðnu sumri. Blómabúðin á sér langa sögu og hefur verið staðsett á Hagamelnum í 26 ár. „Ég fór að vinna hjá Hansínu sem rak búðina og tók síðan við rekstrinum af henni þegar hún kaus að halda til annarra starfa," sagði Hrafnhildur í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Hrafnhildur er Ísfirðingur og flutti ung að árum til Danmerkur þar sem lærði blómaskreytingar. „Ég tók svona lykkju á leið mína suður. Hún var aðeins í lengra lagi. Ég hoppaði yfir höfuðborgina ef svo á segja og hélt beint til hinnar gömlu höfuðborgar okkar við sundin. Ég bjó í Danmörku um 15 ára skeið en það var aldrei ætlunin að setjast þar að fyrir lífstíð eða gerast Dani. Þegar ég kom til baka tók ég til við starfsgrein mína sem núna hefir leitt mig á Hagamelinn vestast í Vesturbænum." En hefur Hrafnhildur breytt einhverju. „Ég hef farið rólega í það. Fremur reynt að halda sama striki og var. Við eigum mikið af föstum viðskiptavinum – fólki sem kemur hingað aftur og aftur og svo eru alltaf einhverjir nýir að bætast við. Fólkinu er að fjölga hér í þessum bæjarhluta og við erum að sjá ný og ný andlit. Það sem ég hef gert er að færa vinnusvæðið fram í búðina. Ég held að það hafi mælst vel fyrir. Þannig erum við í nánari tengslum við viðskiptavinina og ég held að við getum sinnt þörfum þeirra betur en á bak við borð." Hrafnhildur segir vöruúrvalið nokkuð það sama. „Við leggjum megináhersluna á afskorin blóm er erum líka með úrval af pottablómum. Fólk þarf ekki að fara út fyrir hverfið langi það í nýja pottaplöntu. En svo verðum við bara að sjá til hvernig þetta þróast. Hvort við bætum einhverjum vöruflokkum við. Maður verður bara að hlusta eftir óskum og þörfum viðskiptavinanna.

Aðsent:

Við viljum hagsæld í landinu

Viðtal við Ólaf Ísleifsson sem skipar fyrsta sæti framboðslista Flokks fólksins í Reykjavíkurkjördæmi norður.

Ég er bjartsýnn á úrslit Alþingiskosninganna á laugardaginn, segir Ólaf Ísleifsson sem skipar fyrsta sæti framboðslista Flokks fólksins í Reykjavíkurkjördæmi norður. Við viljum hagsæld í landinu, ekki bara fyrir suma heldur fyrir alla. Við viljum leggja grunn að áframhaldandi uppgangi um leið og við réttum hlut þeirra sem standa höllum fæti. Fólk veit hvaða hópar það eru: aldraðir, öryrkjar og barnafjölskyldur með lágar tekjur. Þetta er meginstefna flokksins en ég geng ekki til þessarar kosningabaráttu klyfjaður loforðum.

Ólafur Ísleifsson segir að ýmsir flokkar hafi verið í aðstöðu til að taka á málum, flokkar sem átt hafi fulltrúa á þingi og setið í ríkisstjórn. Hann vitnar til nýlegrar skýrslu ASÍ sem sýnir að síðustu áratugina hafi allir tekjuhópar þurft að þola aukna skattbyrði en mest hafi skattar hækkað hjá tekjulægsta hópnum. „Þetta er tímabil þar sem flestir af þeim flokkum sem menn þekkja nú helst hafa verið í ríkisstjórn", segir Ólafur sem bætir við að helsta skýringin á þessu sé að persónuafslátturinn hafi ekki verið látinn fylgja launaþróun. „Þetta er hugvitsamleg leið til þess að framkvæma skattahækkun án þess að fólk almennt taki eftir henni."

Flokkur fólksins vill að komið verði til móts við þá sem lökust hafa kjörin en ríkið skattleggur samt sem áður: „Áður en maður hefur aflað sér nægilegra tekna til að eiga fyrir fæði, klæðum og húsnæði, þá er hann að borga umtalsverða skatta. Við viljum rétta hlut þess fólks sem stendur lakast", segir Ólafur. Flokkur fólksins sjái fyrir sér stiglækkandi persónuafslátt, þannig að þegar tekjur eru orðnar meiri en ein og hálf milljón á mánuði falli hann niður.



Ólafur Ísleifsson.

Tugir milljarða frá lántakendum til lánveitenda

Ólafur Ísleifsson og Flokkur fólksins gagnrýna að á sama tíma og almennt verðlag hafi farið lækkandi hafi húsnæðisliður vísitölunnar hækkað höfuðstól lána og greiðslubyrði vegna þróunar fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu. Með þessu hafa verið fluttir tugir milljarða á milli lántakenda og lánveitenda. Svona skeytingarleysi um hag lántakenda yrði hvergi liðið annars staðar. Við erum harðákveðin í að taka þennan heimatilbúna húsnæðislið út, segir Ólafur. Við viljum ráðast í margvíslegar umbætir í heilbrigðismálum og menntamálum.

Við í Flokki fólksins erum bjartsýn á framtíð þjóðarinnar í landinu. Við förum víða meðal fólks í kosningabaráttunni. Alls staðar fáum við góðar viðtökur og hvatningu. Til að rödd fólksins heyrist úr ræðustól Alþingis þurfum við góða kosningu á laugardaginn kemur.

Húsnæði til leigu
á Eiðistorgi, 2. hæð



Upplýsingar í s. 895 5457
gunnar@fjallatindar.is

FYRIRTAK
málningarþjónusta
TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA
www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997
LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI
LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Rúnar Kristinsson ráðinn þjálfari KR

Rúnar Kristinsson hefur verið ráðinn þjálfari karlaliðs KR í fótbolta eftir örstuttan fjölmiðlafund í Frostaskjóli. Rúnar skrifaði undir þriggja ára samning við Vesturbæjarfélagið.

Rúnar var gríðarlega sigursæll sem þjálfari Vesturbæinga frá 2010 til 2014. Á þeim tíma vann KR deildina tvisvar á árunum 2011 og 2013 og bikarinn þrisvar á árunum 2011, 2012 og 2014. Rúnar er uppalinn hjá félaginu og var leikmaður liðsins í fjölmörg ár. Hann var ráðinn þjálfari Lilleström í Noregi árið 2014 og svo Lokeren í Belgíu í fyrra en hann var leikmaður beggja liða á atvinnumannsferli sínum. Honum var sagt upp störfum hjá Lokeren í ágúst eftir að liðið tapaði tveimur fyrstu leikjum sínum í belgísku deildinni. Rúnar er eini leikmaðurinn sem hefur spilað yfir 100 leiki fyrir íslenska karlalandsliðið í fótbolta.



Rúnar hefur skrifað undir þriggja ára samning við KR.

Björgvin og Kristinn til KR

Sóknarmaðurinn Björgvin Stefánsson og bakvörðurinn Kristinn Jónsson eru nýir leikmenn KR. Báðir skrifuðu þeir undir samninga út tímabilið 2020.

Í sumar var Björgvin næst markahæstur í Inkasso-deildinni með 14 mörk í 19 leikjum en eftir sumarið tilkynnti hann Haukum að hann stefndi á að spila í Pepsi-deildinni næsta tímabil. Í fyrra lék hann í Pepsi-deildinni, fyrst með Val þar sem hann fann sig ekki. Á miðju sumri fór hann í Þrótt en liðið féll í Inkasso-deildina og skoraði hann tvö mörk í tíu leikjum. Kristinn kemur frá Breiðabliki en áður lék hann í Noregi. Hann er uppalinn hjá Breiðabliki og hefur spilað fjölmarga leiki með félaginu. Kristinn á að baki 8 A-landsleiki og alls 32 leiki með yngri landsliðum Íslands. Einnig skrifuðu KR ingarnir Óskar Örn Hauksson og Skúli Jón Friðgeirsson undir nýja samninga.



Björgvin og Kristinn skrifa undir samninginn við KR.

KR á toppinn eftir sigur á Fjölni

KR hafði betur þegar liðið atti kappi við Fjölni í DHL höllinni í 1. deild kvenna. KR hafði yfirhöndina megnið af fyrsta leikhluta en gestirnir úr Grafarvogi hleyptu þeim aldrei langt frá sér. Þegar skammt var liðið á annan leikhluta dró í sundur með liðunum og leiddi KR með 10 stigum í hálfleik. Snemma í seinni hálfleik var munurinn orðinn 17 stig og allt stefndi í þægilegan sigur KR. Fjölnir átti góð áhlaup í síðasta leikhlutanum og náði muninum minnst niður í 7 stig en KR hleypti þeim ekki nær og sigruðu leikinn með 17 stigum, 74-57.

Tölfræðin lýgur ekki: KR var með mun betri nýtingu en Fjölnir í tveggja stiga skotum í dag eða 43% á móti 33%. Ekki voru skoraðar nema 5 þriggja stiga körfur í leiknum, KR skoraði þrjár og Fjölnir tvær. Fjölnir vann frákastabaráttuna með 59 fráköstum á móti 50 fráköstum KR en 22 tapaðir boltar gestanna voru þeim dýrkeyptir.

Í liði KR var Desiree Ramos bæði stiga- og frákastahæst með 27 stig og 10 fráköst og hin 16 ára Eygló Kristín Óskarsdóttir skoraði 15 stig auk þess að taka 4 fráköst.

KR situr nú á toppi 1. deildar kvenna ásamt Grindavík en bæði lið eru með 6 stig eftir þrjá leiki. Fjölnir situr um miðja deild með tvo sigra í fjórum leikum. Næsti leikur KR er heimaleikur á móti ÍR en Fjölnir mun taka á móti Hamri frá Hveragerði.



Desiree Ramos var bæði stiga- og frákastahæst hjá KR.

HAMBORGARA Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri


Enski boltinn og Meistaradeildin í beinni
Komdu og smakkaðu girnilega rétti af nýja matseðlinum okkar
30% afsláttur alla daga af sóttum pizzum
Rauda ljónid síðan 1989

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud. 13:00-14:30
Fimmtudaga 13:00-14:30 og 17:00-19:30
Föstudaga 13:00-14:30
Laugardaga og sunnudaga 13:00-17:00
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

www.kr.is

1X2
GETRAUNANÚMER
KR ER 107

LJÓSA-DÝRÐ



KRANS SNOWFLAKE
45cm
8.295kr.
51880356

Þessi seldist upp í fyrra



KRANS SNOWFLAKE
57cm, hálfhringur
7.995kr.
51880535



STJARNA LYSEKIL
28cm, hvít, E14
9.595kr.
51880679



KRANS CURLY
30cm, 30 ljós,
kopar / brass / króm
5.995kr.
51880585/6/7



SÍGILD JÓLASTJARNA
Messing, 45cm
3.595kr.
51880172



TRÉ SNOWFLAKE
45cm
7.195kr.
51880365



KRANS SNOWFLAKE
44cm, hjarta
8.395kr.
51880533



INNISERÍA
10, 20, 35, 50, 100
eða 200ljósa
395kr.
88949550-9620



DEW DROP
15 eða 20 ljósa sería
Verð frá:
1.295kr.
51880754/61

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO GRANDI

Viðskiptavinir BYKO Granda athugið.
Breyttur afgreiðslutími frá og með **1. nóvember**

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAU 10-18 / SUN 11-17